

# ALLT AÐ 800 KW VIRKJUN Í SVELGSÁ Í HELGAFELLSSVEIT Ákvörðun um matsskyldu

## NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að allt að 800 kW virkjun í Svelgsá í Helgafellssveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingarleyfi Helgafellssveitar skv. 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010, framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leyfi Orkustofnunar skv. raforkulögum nr. 65/2003. Áður en byggingarleyfi er veitt þarf að breyta deiliskipulagi svæðisins. Þar sem aðalskipulag Helgafellssveitar er í vinnslu þarf að gæta að því að samræmi sé milli þess og breyttrar tilhögunar virkjunar Svelgsár.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. október 2012.

Skipulags  
stofnun

## INNGANGUR

Þann 2. ágúst 2012 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Svelg ehf. um fyrirhugaða allt að 800 kW virkjun í Svelgsá í Helgafellssveit samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Helgafellssveitar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Helgafellssveit með tölvupósti dags. 21. ágúst 2012, Fiskistofu með tölvupósti dags. 30. ágúst 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 20. ágúst 2012, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 14. ágúst 2012 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. ágúst 2012. Frekari upplýsingar bárust frá Svelg ehf. með tölvupóstum dags. 21. ágúst 2012.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Forsaga.** Í greinargerð Svelgs ehf. kemur fram að fyrir liggja samþykkt deiliskipulag fyrir virkjun með nokkuð annarri tilhögun en hér sé tilkynnt. Sú tilhögun var tilkynnt til Skipulagsstofnunar sem tók ákvörðun um að hún væri ekki líkleg til að hafa í för með umtalsverð umhverfisáhrif. Ákvörðunin var kærð til umhverfisráðherra af Fuglavernd og eigendum Svelgsár sem er næsta jörð vestan við Hrísa. Kærurnar fjölluðu um annmarka á málsmeðferð, áhrif á staðbundinn fiskistofn, lífríki Svelgsár, gróðurfar, fuglalíf, landslag og hættu á stíflubresti.

Niðurstaða Umhverfisráðuneytisins var að ekki hafi verið annmarkar á málsmeðferð Skipulagsstofnunar og að ekkert benti til þess að áhrif á mögulega fiskistofna og lífríki í Svelgsá, fuglalíf og gróðurfar yrðu umtalsverð. Jafnframt var það niðurstaða ráðuneytisins að áhrif á landslag og sjónræn áhrif yrðu ekki veruleg. Hvað hættu vegna stíflurofs varðaði taldi ráðuneytið þá málaástandu ekki eiga við þar sem ekki væru gerðar kröfur um að leggja fram hönnunargögn fyrir stíflur í tilkynningu framkvæmdar til ákvörðunar um matsskyldu. Í úrskurðarorðum ráðuneytisins var ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 11. janúar 2008 um að allt að 655 kW virkjun í Svelgsá staðfest.

Í greinargerð Svelgs kemur fram að við frekari hönnun virkjunarinnar hafi komið í ljós að sú tilhögun sem tilkynnt var til Skipulagsstofnunar væri nokkuð ábótavant. Í fyrsta lagi byggði sú tilhögun ekki á nægum mælingum á rennsli. Rennslismælingar hafi sýnt að mun minna rennsli er í ánni en gert var ráð fyrir. Í öðru lagi var tilhögun virkjunarinnar ekki með þeim hætti að virkjunarkosturinn væri vel nýttur því umtalsvert fall er til staðar ef stíflað er beint upp af stíflustæðinu samkvæmt fyrri tilhögun. Auka má fallhæð virkjunarinnar um nærri 50% með því sækja vatnið ofar í hlíðina. Í þriðja lagi var stíflustæði og útfærsla stíflu óheppileg með tilliti til kostnaðar, efnisnotkunar og áhættu. Áhættusamara er að notast við jarðvegsstíflur en steiptar stíflur í smávirkjunum vegna hættu á rofi. Flestar stíflur smávirkjana hérlendis eru efnislitlir steiptir veggir sem fundinn er staður þar sem auðvelt er að koma þeim fyrir. Slíkar stíflur hafa ekki rofnað að því að vitað sé á meðan nokkur tilfelli eru um stíflurof í jarðvegsstíflum. Í tilfelli jarðvegsstíflunnar yrði margfalt meira vatni safnað en í þeirri útfærslu sem hér er tilkynnt.

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í greinargerð Svelgs ehf. kemur fram að virkjunin verði rennslisvirkjun með nær enga miðlun. Vatni úr fjórum kvíslum Svelgsár verði veitt saman með því að stífla kvíslarnar og veita vatninu um niðurgrafnar veitupípur að inntaksstíflu. Frá inntaksstíflu liggja fallpípa niður að stöðvarhúsi. Þaðan verði stuttur frárennslisskurður út í Svelgsá. Vegslóði frá þjóðvegi að vatnsbóli Stykkishólmsbæjar sem sé rétt neðan við

stöðvarhúsið verði lagfærður og framlengdur að stöðvarhúsi. Við lagningu fallpípu og veitupípu verði gerður slóði sem síðar nýtist við aðgengi rekstraraðila að stíflum og inntaksmannvirkjum. Tenging virkjunarinnar við dreifikerfi RARIK verði um niðurgrafinn háspennustreng í kanti vegslóða niður að loflínu við þjóðveg.

**Tafla 1. Tölulegt yfirlit yfir virkjunina (úr greinargerð Svelgs ehf.).**

|                         |                       |
|-------------------------|-----------------------|
| Uppsett afl             | 800 kW                |
| Nýtingartími            | 7300 klst/ári         |
| Orkuframleiðsla         | 5,8 GWst              |
| Miðlunarrými            | < 5000 m <sup>3</sup> |
| Stærð afrennslissvæðis  | 9,1 km <sup>2</sup>   |
| Meðalrennsli            | 600 l/s               |
| Virkjað rennsli         | 700 l/s               |
| Lágrennsli              | 400 l/s               |
| Hæð inntaksstíflu       | 218 m y.s.            |
| Hæð veitustíflu 1       | 222 m y.s.            |
| Hæð veitustíflu 2       | 225 m y.s.            |
| Hæð veitustíflu 3       | 230 m y.s.            |
| Hæð frárennslis         | 62 m y.s.             |
| Fallhæð                 | 156 m                 |
| Lengd fallpípu          | 1760 m                |
| Lengd veitupípu         | 490 m                 |
| Þvermál fallpípu        | 600 mm                |
| Þvermál veitupípu       | 600 mm                |
| Tenging við dreifikerfi | 19 kV                 |
| Lengd háspennustrengs   | 1500 m                |
| Lengd vegslóða          | 3900 m                |

**Stíflur, lón og stöðvarhús.** Fram kemur að stíflurnar verða hannaðar til að standast flóð þar sem vatn flæðir yfir alla stífluna. Lítil jarðvegur sé til staðar á fyrirhuguðum stíflustæðum svo rask verði í lágmarki. Hæð allra stífla verði um 3 m og ráðist hún af lágmarksdýpi við inntak til að tryggja öruggan rekstur gagnvart ís að vetri til. Lítið efni þarf í stíflurnar og sé gert ráð fyrir að fylliefni verði flutt á staðinn og steypan blönduð á staðnum vegna erfiðs aðgengis. Meðan á framkvæmdum standi verði vatni veitt framhjá þannig að óhörðnuð steypa komist ekki í snertingu við vatn. Þar sem allar stíflur verði í gílskorningum og nokkrum bratta séu lónin lítil um sig. Lónin fari fáeina metra út fyrir núverandi farveg árinna og kvíslanna. Áætlað flatarmál allra inntakslónanna sé innan við 3000 m<sup>2</sup>. Við veitustíflur getur vatnsborðið lækkað nokkuð þegar rennsli er lítið svo vatnsborðsveifla í þeim sé allt að 2 m. Við inntaksstíflu í fallpípuna verði vatnsborðinu haldið stöðugu með stýringum til að tryggja lágmarksdýpi niður á inntak.

Fram kemur að stöðvarhúsið verði allt að 60 m<sup>2</sup> að grunnfleti og allt að 5 m hátt. Húsið verði steinsteypt á staðnum og niðurgrafið að hluta þar sem fallpípan komi inn. Steypa í stöðvarhúsið muni verða flutt með steypubílum frá nálægri steypustöð.

**Vegir og efnistaka.** Fram kemur að núverandi slóði að vatnsbóli Stykkishólmsbæjar verði bættur og framlengdur að stöðvarhúsi. Framhjá stöðvarhúsinu og meðfram þrýstipípu muni liggja slóði sem gerður verði samhliða lagningu fallpípunnar alla leið upp að inntaksstíflu og

Þaðan slóði að öllum veitustíflunum meðfram veitupípunni. Gert sé ráð fyrir að þessir slóðar verði efnislitlir og aðeins færir fjórhjólum og dráttarvélum. Efnisþörf í aðkomuveg að stöðvarhúsi sé áætluð um 800 m<sup>3</sup>. Gert sé ráð fyrir að efni í hann verði fengið úr námu í mel skammt frá Þjóðvegi. Efni í slóða meðfram pípum mun að hluta koma úr pípuskurðum. Á hluta leiðarinnar sé fyrirsjáanlegt að slóðinn þurfi að víkja frá pípuleiðinni vegna mikils bratta. Allt að 1000 m<sup>3</sup> muni þurfa að nota úr námu í slóðagerð.

Fram kemur að efni til mannvirkjagerðar, þ.e. í stíflur og stöðvarhús, muni verða flutt lengra að. Heildarmagn steypu í framkvæmdirnar sé áætlað innan við 200 m<sup>3</sup>. Nota þurfi allt að 2.300m<sup>3</sup> af sandi meðfram pípum. Sandurinn muni að hluta verða tekinn úr áðurnefndri námu og að hluta verða aðflutt úr námum í nágrenninu. Efni úr pípuskurðum verði haugsett með þeim hætti að það verði grafið upp á bakka á nokkurra tuga metra kafla. Pípan verði síðan lögð og sönduð á þeim kafla og uppgrafna efninu jafnað yfir. Sá hluti efnisins sem nýtanlegur er til slóðagerðar verður fluttur til en öðru jafnað út.

**Áhrif á núverandi lífríki Svelgsár.** Fram kemur að í úttekt Veiðimálastofnunar á lífríki árinna komi fram að Svelgsá sé aðeins fiskgeng að Fjallkonufossi neðan áhrifasvæðis virkjunarinnar. Á ófiskgenga hluta árinna hafi engin merki fundist um fiska þrátt fyrir góð skilyrði fyrir fiskseiði. Virkjunin muni ekki hafa áhrif á lífríki árinna neðan stöðvarhússins þar sem virkjunin hefur engin áhrif á vatnið sem slíkt. Niðurstaða Veiðimálastofnunar hafi verið að ekki verði séð að um neikvæð áhrif geti verið að ræða á fiskframleiðslu á fiskgenga hluta árinna. Framkvæmdaraðili telur að þessi niðurstaða standi óbreytt fyrir breytta tilhögun virkjunar. Ekki sé vitað til að nein veiði sé stunduð á áhrifasvæði virkjunarinnar. Áhrif á annað lífríki árinna neðan stíflu verði neikvæð vegna lítills rennslis. Áhrifin ættu að fara minnkandi eftir því sem neðar dragi. Í heild eru áhrif á fiskistofna og annað lífríki talin neikvæð en óveruleg og afturkræf.

**Áhrif á landslag og jarðminjar.** Fram kemur að landslag á áhrifasvæði virkjunarinnar sé svipað og í nágrenni þess. Um sé að ræða gróna fjallshlíð þar sem stöku klappir sjáist. Ofan klappabrúnar um miðbik svæðisins sé hallamýri en fallpípan muni verða lögð á jaðri hennar. Efst á svæðinu fari gróður minnkandi vegna hæðar og grjótt og melar ásamt meiri klöppum verði áberandi. Sjónræn áhrif eftir að framkvæmdum ljúki verði vegna vegar og slóða, stöðvarhússins, stíflanna og inntakslónanna. Þessi mannvirki séu ekki mikil um sig og minni en í fyrri tilhögun virkjunar. Gera megi ráð fyrir að slóðar í hlíð fjallsins grói mikið til upp vegna mjög lítillar umferðar og verði lítið sýnilegir. Sjónræn áhrif á meðan framkvæmdir vari verði þó nokkur sem og fyrstu misserin á eftir meðan svæðið verði að gróa upp.

Fram kemur að framkvæmdin muni hafa áhrif á Náthtagafoss í Svelgsá með þeim hætti að rennsli um hann mun minnka verulega að öllu jöfnu. Fossinn sé um 850 m neðan við inntaksstíflu og reiknað sé með að eitthvað rennsli verði í honum í þurrviðri. Í úrkomu megi búast við að þó nokkuð rennsli verði í fossinum þegar vatn renni um yfirfall á inntaksstíflu. Áhrifin á fossinn séu að fullu afturkræf því verði rekstri virkjunarinnar hætt muni rennsli um hann verða eins og fyrir framkvæmdir. Við sérstakar aðstæður megi með einföldum hætti fá rennsli um fossinn með því að opna botnrás í inntaksstíflu eða loka fyrir rennsli til virkjunarinnar. Áhrif á fossinn séu metin neikvæð en óveruleg og að fullu afturkræf. Farvegur árinna og mannvirki virkjunarinnar liggi ekki um eldhraun eða aðrar jarðmyndanir sem talist gætu sérstæðar. Svelgsá renni að hluta meðfram hrauntungu úr ungu hrauni.

**Áhrif á gróður og fugla.** Fram kemur að í skýrslu vistfræðings um vettvangskönnun á fuglalífi og gróðurfari hafi verið leitað kerfisbundið að válistaplöntum þar sem stöðvarhús muni standa og þar sem inntakslón verði. Hafi sérstaklega verið leitað að sjaldgæfum burknum og öðrum plöntum í gjótum þar sem inntakslón muni liggja. Í samantekt segi að undanskildum tveimur straumandarkollum hafi engar sjaldgæfar tegundir fugla eða háplantna

fundist ef miðað sé við válista Náttúrufræðistofnunar. Fuglalíf og gróður hafi virst fremur fábreytt. Segir að ólíklegt verði að teljast að Svelgsá sé mikilvæg uppeldisstöð fyrir straumendur þar sem aðeins einn unghápur hafi verið á ánni. Sama gildi um stökkendur sem séu mjög algengar um allt land. Fáir mófuglar með unga, þ.e. vaðfuglar og spörfuglar, hafi fundist sem bendi til þess að svæðið framleiði ekki mikið. Segir að miðað við fyrirbyggjandi gögn, þ.e. drög að deiliskipulagi, virðist ólíklegt að fyrirhuguð virkjunarframkvæmd hafi umtalsverð staðbundin áhrif á fuglalíf eða gróðurfar og hún hafi án efa hverfandi áhrif á landsmælikvarða. Áhrif á fuglalíf og gróðurfar eru talin óveruleg og að breytt tilhögun virkjunar breyti ekki fyrri niðurstöðu þar um.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Helgafellssveitar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé ástæða til að framkvæmdirnar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á vatnsgæði.** Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands eru ítrekaðar fyrri ábendingar um geymslu olíu og hættulegra efna ofan við vatnsból Stykkishólms, mengunarhættu frá vélum og farartækjum ásamt því að vegur að grannsvæði vatnsbólsins verði með læstu hliði.

Í svörum Svelgs ehf. kemur fram að fyrirmælum Heilbrigðiseftirlitsins er varða geymslu hættulegra efna og eiturefna, skoðun farartækja og véla og uppsetningu læsts hliðs muni verða framfylgt. Jafnframt muni Svelgur ehf. kynna þeim fyrirtækjum sem sjá muni um mannvirkjagerð á svæðinu fyrrnefndar athugasemdir Heilbrigðiseftirlitsins.

**Áhrif á menningarminjar.** Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að merkja þurfi friðlýstar fornleifar við Mosvelli á meðan á framkvæmdum við aðkomuveginna standi til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Fornleifarnar skuli merktar í samráði við Minjavörð Vesturlands.

Í svörum Svelgs ehf. kemur fram að fornleifarnar við Mosvelli verði merktar á meðan á framkvæmdum við aðkomuveginna standi til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Merking fornleifanna verði gerð í samráði við Minjavörð Vesturlands.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða allt að 800 kW virkjun í Svelgsá í Helgafellssveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif framkvæmdanna sem og áhrif á landslag og jarðmyndanir verði óveruleg. Að loknum framkvæmdum verði mannvirki lítt sýnileg. Skipulagsstofnun telur að þegar rennsli Svelgsár verði í lágmarki verði talsverð áskýndarbreyting á ánni. Á þeim tíma verði farvegur árinna, ofan stöðvarhúss, mjög vatnslítill. Skipulagsstofnun telur óhjákvæmilegt að nokkuð rask verði á gróðri á framkvæmdarsvæðinu en þar sem inntakslón ofan stífla verði lítil og nánast eingöngu bundið við farvegi þá verður gróðri fyrst og fremst spillt þar sem vegslóðum og inntakslögnum verður komið fyrir. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdirnar hafi veruleg áhrif á fugla. Þar sem virkjunin verði ofan fiskgengda hluta Svelgsár telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að framkvæmdirnar hafi veruleg áhrif á veiði eða afkomu fisks í ánni.

Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdirnar muni hafa neikvæð áhrif á vatnsból Stykkishólms þar sem vatnsbólin eru í Svelgsárhrauni nokkuð frá fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Engu að síður bendir Skipulagsstofnun á að brýnt sé að skilyrðum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands verði fylgt líkt og framkvæmdaraðili hefur lýst vilja til.

Skipulagsstofnun ítrekar ábendingar úr fyrri ákvörðun um að Helgafellssveit geri tillögur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands að sínum og bindi framkvæmdaleyfið fyrrgreindum skilyrðum.

Skipulagsstofnun telur brýnt að áður en Helgafellssveit veitir byggingar- og framkvæmdaleyfi fyrir mannvirkjunum þá þurfi framkvæmdaraðili að leggja fram hönnunargögn fyrir mannvirkin.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Svelgs ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Svelgs ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að allt að 800 kW virkjun í Svelgsá í Helgafellssveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingarleyfi Helgafellssveitar skv. 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010, framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leyfi Orkustofnunar skv. raforkulögum nr. 65/2003. Áður en byggingarleyfi er veitt þarf að breyta deiliskipulagi svæðisins. Þar sem aðalskipulag Helgafellssveitar er í vinnslu þarf að gæta að því að samræmi sé milli þess og breyttrar tilhögunar virkjunar Svelgsár.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. október 2012.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Skipulags  
stofnun